

Aðalfundur HÍN nr. 131

Haldinn mánudaginn 24. febrúar 2020 kl. 21:00 í Öskju, Brynjólfsgötu 5.

Fundarstjóri: Skúli Skúlason Ritari: Margrét Hugadóttir

Dagskrárliðir:

Formaður setur fundinn og stingur upp á að Skúli Skúlason líffræðingur við Háskólann á Hólum verði fundarstjóri og að Margrét Hugadóttir verði fundarritari.

Fundur er settur

Skúli hefur fundarstjórn með því að vísa í grein [7. grein. samþykka félagsins](#) og spyr félaga hvort að löglega hafi verið boðað til fundar, með tveggja vikna fyrirvara. Enginn mótmælir og er því staðfest að til fundarins hafi verið boðað á löglegan hátt.

Dagskrá fundarins fylgir 7. grein samþykka félagsins.

Formaður félagsins flytur skýrslu.

Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.

Stjórnarkjör og kjör skoðunarmanna reikninga.

Önnur mál.

Skýrsla stjórnar

Ester Rut Unnsteinsdóttir, formaður HÍN flytur skýrslu yfir starfsárið sem markar tímabilið á milli aðalfunda, en sá síðasti var 25. febrúar 2019.

Skipun stjórnar

Aðalfundur HÍN var haldinn í Öskju, Háskóla Íslands þann 25. febrúar 2019, að loknu erindi Þóru Ellenar Þórhallsdóttur og Jóns Baldurs Hlíðberg, þar sem þau kynntu nýútkomna bók um Flóru Íslands. Þriðji höfundur bókarinnar, Hörður Kristinsson færði fundinum kveðjur sem Þóra og Jón Baldur komu á framfæri á

fundinum.

Kjörtímabil þriggja stjórnarmanna rann út á aðalfundinum. Þetta voru Margrét Hugadóttir (ritari), Bryndís Marteinsdóttir (fræðslustjóri), og Hrefna Sigurjónsdóttir (varaformaður). Steinþór Níelsson (gjaldkeri) óskaði jafnframt eftir að láta af stjórnarmennsku.

Margrét, Bryndís og Hrefna gáfu kost á sér til endurkjörs og voru kjörnar einróma. Jafnframt var kjörinn, til eins árs í stað Steinþórs, Snæbjörn Guðmundsson, sjálfstætt starfandi Náttúrufræðingur. Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir þeir Steinþór Níelsson og Sveinbjörn Egill Björnsson.

Á aðalfundinum komu gestir færandi hendi, þau Hjörtur Marteinson og Guðbjörg Lind Jónsdóttir og sögðu frá bók sem þeim áskotnaðist. Um er að ræða handskrifna stílabók sem skrifuð var af Stefáni Stefánssyni, sem kennslubók um gróðurriki Íslands, fyrir skólapipta í Möðruvallaskóla veturinn 1890-1891. Þau afhentu stjórn HÍN bókina formlega til eignar og mun umfjöllun um bókina vonandi birtast innan tíðar í Náttúrufræðingnum, tímariti félagsins.

Stjórnarfundir

Á fyrsta stjórnarfundum starfsársins skipti stjórnin með sér verkum og var þannig skipuð á starfsárinu 2019: Ester Rut Unnsteinsdóttir formaður, Hrefna Sigurjónsdóttir varaformaður, Margrét Hugadóttir ritari, Snæbjörn Guðmundsson gjaldkeri, Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir fræðslustjóri, Jóhann Þórsson félagsvörður og Bryndís Marteinsdóttir meðstjórnandi.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn haldið 10 venjubundna stjórnarfundum, oftast nær í húsnæði Náttúruvinnuáskafns Íslands í Loftskjástöðinni gömlu á Melunum en líka í húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands í Urriðaholti. Vor- og aðventufundir voru haldnir á öðrum vettvangi.

FÉLAGSMENN

Fjöldi félagsmanna stóð í stað á árinu 2018. Þeir voru 1151 í árslok 2019 og er það fækkun um 10 frá fyrra ári. Nýir félagar voru 24 en 31 hættu – þar af létust 10. Félagatalið fór undir 1200 árið 2014 og hefur haldist lægra síðan. Það er verðugt verkefni stjórnar að koma í veg fyrir frekari fækkun, laða fólk að félaginu og fá það til inngöngu.

FRÆÐSLUERINDI

Í tilefni 130 ára afmælis félagsins var brotið upp á nýjungum hvað varðar fræðsludagskrá vetrarins en í stað þess að halda eitt erindi mánaðarlega voru ýmist haldin erindi eða stutt málþing um málefni líðandi stundar. Hugmyndin væri að hefja umræðuna með því að hlýða á nokkur stutt erindi og síðan fá umræður á pallborði og úr sal. Síðan yrði boðið var upp á veitingar í lokin til að

hrista saman félag. Þetta fyrirkomulag heppnaðist vel og var fyrsta málþingið haldið 25. mars en það fjallaði það um stöðu þekkingar á fiskeldi í sjó. Erindin héldu þau Leó Alexander Guðmundsson, erfðafræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, Sólveig Rósa Ólafsdóttir, hafefnafræðingur hjá Hafrannsóknastofnun og Árni Kristmundsson, sníkjudýrasérfræðingur á Keldum. Á pallborði sátu þau Þorleifur Eiríksson, RORUM, Rakel Guðmundsdóttir, Hafrannsóknastofnun, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, Fræðasetri Háskóla Íslands, Vestfjörðum, Skúli Skúlason, Háskólinn á Hólum, Stefán Óli Steingrímsson, Háskólinn á Hólum og Erna Karen Óskarsdóttir, Mast. Fundarstjóri er Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands.

Þann 8. maí flutti Hafdís Hanna Ægisdóttir erindi sem fjallaði um Loftslagsbreytingar og leiðtoga en þar sagði Hafdís Hanna frá ferð á Suðurskautslandið þar sem vísindakonur úr alþjóðlegu leiðtogaverkefni hittust. Í ferðasöguna fléttuðust frásagnir af lífríkinu og ástandi jarðar auk lærdóms sem dreginn var af ferðalaginu.

Farið var í fræðslugöngu til að skoða Hrútagjá í Reykjanesfólkvangi þann 2. maí og var þátttaka með eindæmum góð (vel yfir 100 manns). Áherslan var á jarðfræði staðarins og leiddi Sigmundur Einarsson, jarðfræðingur, gönguna. Önnur fræðsluganga var farin þann 29. september en þá var farið í Blikastaðakró sem er nafn yfir um 2 km langa strandlengju frá ósi Úlfarsár vestur að Eiðinu út í Geldingarnes. Dýralíf er þar auðugt, sérstaklega fuglalíf en margæsir sjást þar í stórum hópum á fartíma og algengt er að sjá seli liggja á skerjum. Snorri Sigurðsson, líffræðingur og Jón Baldur Hlíðberg, myndlistamaður leiddu gönguna.

Þann 21. Nóvember var svo haldin afmælisráðstefna þar sem viðfangsefnið var íslensk náttúra á tímum hamfarahlýnunar, sem hefur átt sér stað á 130 ára starfstíma félagsins. Áherslan var á viðburði innan Vatnajökulspjóðgarðs. Erindi fluttu þau Snorri Baldursson, líffræðingur en hann fjallaði um Hundrað ára einsemd – líf í kvikri náttúru Vatnajökulspjóðgarðs, Hrafnhildur Hannesdóttir, jöklafræðingur sem fjallaði um Jökla á hverfandi hveli og Þorsteinn Sæmundsson, jarðfræðingur en erindi hans var um Hörfandi jökla og stöðugleika fjallshlíða. Á pallborði sátu þau Elín Björk Jónsdóttir, veðurfræðingur, Hrafnhildur Hannesdóttir, Ingibjörg Eiríksdóttir, Landvörður, Kristín Svavarsdóttir, gróðurvistfræðingur, Ólafur Karl Nielsen, dýravistfræðingur, Snorri Baldursson og Þorsteinn Sæmundsson. Málþinginu stjórnaði Magnús Guðmundsson, forstöðumaður Vatnajökulspjóðgarðs.

Viðburðurinn fór fram í stjórnuveri Perlunnar og þangað mættu, auk félaga, forseti Íslands, Umhverfissráðherra og fleiri góðir gestir. Að lokinni dagskrá var boðið upp á léttar veitingar á veitingahúsinu “Út í bláinn” á efstu hæð Perlunnar.

Öllum framsögumönnum erinda starfsársins, þátttakendum pallborða, fundastjórum og gestum er þakkað kærlega fyrir þeirra framlag og þátttöku. Einnig allra þeirra sem komu að fræðsluferðunum og tóku þátt í þeim með okkur.

Líf og umhverfissvísindadeild Háskóla Íslands útvegar sal í Öskju fyrir fræðsluerindi félagsins. Það er veglegt framlag og skyldi ekki vanmetið enda dýrt að leigja húsnæði undir viðburði. Deildin og Háskólinn almennt mætti þó auglýsa þessa viðburði innan sinna raða og hvetja sérstaklega nemendur til að mæta á erindin sem þar eru haldin.

Netmiðlar

Bryndís Marteinsdóttir hefur haft umsjón með heimasíðu félagsins www.hin.is. Félagið er einnig með virka Facebook síðu og Instagram reikningur hefur verið stofnaður, sem fyrirhugað er að auka virkni á. Margrét Hugadóttir hefur haft umsjón með samfélagsmiðlum en allir stjórnarmenn bera þar ritstjórnarábyrgð. Haustið 2019 sótti félagið um verkefnastyrk til Umhverfis og auðlindaráðuneytisins fyrir nýrri heimasíðu þar sem áherslan væri lögð á tímaritið. Styrkurinn fékkst snemma á þessu ári og verður það verkefni nýrrar stjórnar ásamt ritstjórn að koma nýrri síðu í gagnið.

Útgáfa

Að jafnaði hafa komið út tvö tvöföld hefti af Náttúrufræðingnum og var einnig svo á sl. starfsári – þ.e. árg. 89, 1.-2. hefti og 3.-4. hefti. Álfheiður Ingadóttir er ritstjóri tímaritsins en henni til aðstoðar voru þau Sigmundur Einarsson, jarðfræðingur og Hrefna Berglind Ingólfssdóttir, líffræðingur. Að auki var lögð lokahönd á svokallað þemahefti sem fyrirhugað er að komi út í ár.

Eins og sést á útgáfunúmeri er 90 ára útgáfuafmæli Náttúrufræðingsins í ár (2020) og mun áðurnefnd heimasíða verða helguð afmælisárinu auk þess sem nokkur vinna hefur verið lögð í endurskoðun ritstjórnarstefnu félagsins. Hugmyndin er sú að auka fjölbreytni efnis í tímaritinu og hafa efnisval fyrir fleiri aldurs- og áhugahópa. Einnig verði aðgengi opnara og heimasíðan notuð í meira mæli til að setja fram efni tímaritsins, styttri texta og ítarefni. Útgáfan er kostuð til helminga af Náttúruminjasafni Íslands og verður ritstjórnastefna að vera samþykkt af báðum aðilum. Þrátt fyrir að greiða aðeins fyrir helming útgáfukostnaðar hefur HÍN ekki enn náð því markmiði að geta staðið undir þeim útgjöldum einungis með innheimtu félagsgjalda. Félagið sótti því um og fékk rekstrarstyrk til Umhverfis og auðlindaráðuneytisins fyrir starfseminni.

Kostnaður félagsins er nær eingöngu vegna útgáfunnar og því erum við afar þakklát fyrir veittan styrk frá ráðuneytinu. Þess ber að geta að þau sem sitja í ritstjórn fá enga umbun fyrir sitt framlag aðra en gleðina yfir því að taka þátt í að glæða áhuga og auka þekkingu landans á málefnum náttúrunnar. Þau eiga heiður skilinn fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins og landsmanna allra.

Í ritstjórn Náttúrufræðingsins sitja:

Droplaug Ólafsdóttir, dýrafræðingur, formaður

Esther Ruth Guðmundsdóttir, jarðfræðingur

Hlynur Óskarsson, vistfræðingur

Jóhann Þórsson, líffræðingur og fulltrúi stjórnar HÍN

Óskar Sindri Gíslason, sjávarlíffræðingur

Tómas Grétar Gunnarsson, dýravistfræðingur

Þóroddur F. Þóroddsson, jarðfræðingur

Mörður Árnason er prófarkalesari og málfarsráðunautur tímaritsins.

Öllum ofangreindum er þakkað fyrir þeirra framlag en án þeirra gætum við ekki státað af einu veglegasta og faglegasta tímariti um náttúrufræði sem gefið er út á landinu.

Aðrar nefndir og ráð

Samstarfshópur frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfismála starfar á vegum Umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Hópurinn skipa frjáls félagasamtök sem leggja áherslu á umhverfismál og náttúruvernd. Formaður, Ester Rut Unnsteinsdóttir er fulltrúi HÍN en Hólmfríður Sigurðardóttir hjá Fuglavernd hefur verið talsmaður og tengiliður hópsins við ráðuneytið. Hópurinn hefur verið beðinn um tilnefningar í nefndir og ráð og á fulltrúa í nokkrum nefndum á vegum Umhverfis- og auðlindaráðuneytis. HIN hefur m.a. tilnefnt fulltrúa, innan eða utan sinna raða, í eftirfarandi verkefni á sl. starfsári: Kuðungurinn, umhverfisviðurkenning Umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Svæðisráð Vatnajökulspjóðgarðs (4 svæði), starfshópur um tillögur gegn matarsóun, stjórn Loftslagsráðs, stjórn Vatnajökulspjóðgarðs, Dagur umhverfissins, Íslensku fjölmiðlaverðlaunin, Samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar (áður veiðikortasjóður) og Sérfræðingahóp ESA um loftslagsmál og skógrækt.

Málefni Náttúruminjasafns

Náttúrugripasafn Íslands er skilgetið afkvæmi Hins íslenska náttúrufræðifélags en eins og svo margoft hefur verið nefnt er annað tveggja höfuðmarkmiða HÍN að reisa þjóðinni myndarlegt og vandað náttúrugripasafn.

Barátta HÍN fyrir bættum aðbúnaði Náttúruminjasafns Íslands heldur áfram enda þótt merkur áfangi hafi áunnist í starfsemi safnsins við opnun fyrstu sjálfstæðu sýningu safnsins, Vatnið í náttúru Íslands, í Perlunni á fullveldisdaginn 1. desember 2018. Með opnuninni var efnt til hálfis loforð

ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur um að bæta hag þessa höfuðsafns þjóðarinnar í náttúrufræðum, sem lengst af líftíma sínum hefur þurft að glíma við bág kjör og afskiptaleysi stjórnvalda. Í stefnuskjali ríkisstjórnarinnar stendur að „Á kjörtímabilinu verður sérstaklega hugað að því að styrkja starfsemi höfuðsafnanna þriggja. **Þar á meðal verður Náttúruminjasafn Íslands** styrkt til að opna eigin sýningu og gert ráð fyrir **fram tíðarhönnun fyrir nýtt safn í fjármálaáætlun til fimm ára.**“ Nú hefur Náttúruminjasafninu verið gert kleift að opna eigin sýningu, Vatnið í náttúru Íslands, sem notið hefur mikilla vinsælda, slegið aðsóknarmet (nær 200.000 gestir árið 2019) og hlotið alþjóðleg hönnunarverðlaun fyrir margmiðlunaratriði. Eftir stendur að efna seinni hluta loforðsins – að útvega Náttúruminjasafninu eigin húsnæði til frambúðar sem hæfir fullbúinni starfsemi höfuðsafnsins. Vinna að þessu verkefni er vel á veg komin og hefur verið horft til möguleika þess að starfsemi Náttúruminjasafnsins flytji út á Seltjarnarnes, í byggingu svokallaðs Lækningaminjasafns“. Núverandi bygging þess er þó fulllítill sem höfuðstöðvar Náttúruminjasafnsins, en áhugaverðir möguleikar eru á stækkun hússins sem falla vel að náttúru svæðisins. Þá eru fyrir hendi möguleikar á samnýtingu á öðrum húsakosti á svæðinu, bæði á Nesstofu í umsjón Þjóðminjasafnsins, auk Ráðagerði og fræðasetrinu í Gróttu, í eigu Seltjarnarnesbæjar. HÍN styður eindregið við bakið á afsprengi sínu, Náttúruminjasafni Íslands, við að ná góðri úrlausn í þessu mikilvæga máli sem snertir með beinum hætti skilning og þekkingu okkur á náttúru landsins og þar með forsendur á skynsamlegri umgengni við gjafir jarðar.

Lokaorð

Á síðasta ári fögnuðum við 130 ára afmæli félagsins og var það gert með ýmsum hætti, þó lágstemmt í anda svo aldins félagsskapar. Við héldum tvö vel heppnuð málþing og fengum til okkar sérfræðinga af ýmsum sviðum. Við notuðum tækifærið á afmælisárinu og ræddum breytingar á ásýnd og náttúru landsins á starfstíma félagsins, frá sjónarhóli náttúrunnar með dæmum frá Vatnajökulsþjóðgarði. Það var gaman að prófa hið nýja stjørnuver í Perlunni, sem reyndar er ekki hannað til hefðbundins fyrirlestrahalds. Nokkrir fengu hálsríg af því að horfa upp á við og það kom nokkuð á óvart að tæknin skyldi stríða okkur í einum tæknilegasta sal landsins. Við áttum þó eftirminnilegt kvöld og mega gestir og framsögumenn fá klapp fyrir þolinmæði og jákvæðni sem okkur var sýnd fyrir frumlegheitin. Þetta kvöld í Perlunni var bæði fróðlegt og eftirminnilegt og hristi saman hóp félaga og annarra áhugasamra gesta, þar á meðal forseta landsins.

Þrátt fyrir skemmtilegheit og glens og gaman glittir í alvarlegan undirtón í efni þeirra erinda sem haldin voru á nýliðnu starfsári; Þær breytingar sem hafa orðið

á náttúrunni, áhrif þeirra á ásýnd lands og viðbrögð lífríkis við ýmsum breytingum í umhverfi. Bein og óbein áhrif mannsins á umhverfi sitt og lífríkið eru málefni líðandi stundar og viðfangsefni sem fjalla þarf um áfram. Það hefur verið magnað að hlýða á framsöguerindi sérfræðinga og sjá hvað er mikil þekking til hér á landi hvað varðar fortíð, nútíð og ýmsar sviðsmyndir framtíðar. Okkar gamla félag er með puttann á púlsinum og nú fjöllum við einmitt um jarðhræringar á Reykjanesi sem einmitt ganga yfir um þessar mundir. Við ætlum að halda fleiri málþing og erindi og bjóða í fróðleikspartí, eins og einhver ungur félagi orðar það. Fræðsluferðirnar tvær, sem farið var í sl. vor og haust voru einkar vel heppnaðar og verður boðað til fleiri slíkra ferða á þessu ári. Við búum svo vel að hafa um margt að velja og ekki annað hægt en að svara kalli félaga okkar sem biða sumir spenntir eftir næstu ferð.

Afmæli tímaritsins er á þessu ári og við erum full eftirvæntingar eftir nítugustu útgáfu tímaritsins. Þar er mögulega eitthvað nýtt í bland við hefðbundið fróðlegt efni sem vonandi kemur einnig fram á nýjum vef fyrir árslok.

Það hefur verið gaman að starfa í stjórn félagsins með drífandi fólki úr ólíkum áttum. Þau sem hætta stjórnarstörfum núna fá mínar bestu þakkir fyrir samstarfið og mikilvægt framlag í þágu félagsins. Ég sakna þeirra úr okkar röðum en aðrir koma inn í staðinn svo ég hlakka til að starfa með nýjum meðlimum stjórnar, í bland við þau sem áfram sitja. Við höfum verk að vinna og markmiðin eru skýr. Okkar hlutverk er, eins sl. 130 ár, að glæða áhugann og stuðla að meiri þekkingu og málþing, ferðir og fræðandi tímarit eru svo sannarlega þáttur í slíkri vegferð. Ekki spillir að hittast og spjalla og við gerum kannski meira af því enda hefur það gefið góða raun til að hrista saman félagsskapinn. Félagið okkar aldna er hvergi nærri hætt og mikið af spennandi verkefnum framundan.

f.h. stjórnar
Ester Rut Unnsteinsdóttir
formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags

Reikningar félagsins lagðir fram

Gjaldkeri Snæbjörn Guðmundsson leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins.

Sveinbjörn Egill Björnsson er skoðunarmaður reikninga auk Steinþórs Níelssonar.

Af greiðandi félögum eru almennir félagar um 1000 manns en aðildafélög eru rúmlega 100.

Rekstrargjöld félagsins eru nær eingöngu vegna útgáfu Náttúrufræðingsins. Almennur rekstrarkostnaður á árinu var aðeins hærri en á fyrra ári og skýrist það af afmælishátíð Hins íslenska náttúrufræðifélags sem varð 130 ára á árinu og við það tilefni var haldin afmælisráðstefna, og kostnaður hlaust af salaleigu og kostnaði við veitingar í lok ráðstefnu.

Eignir.

Af þeim er birgðastaða óljós og gerir gjaldkeri ráð fyrir því að tölur um birgðastöðu gæti verið bólgnaðar og á nýju starfsári stendur til að fara ítarlega yfir birgðastöðu félagsins og afskrifa.

Útgáfumál og framkvæmdastjórn.

Snæbjörn Guðmundsson leggur fram ársreikninga félagsins.

Reikningar samþykktir með handauppréttingum.

Reikningar Hins íslenska náttúrufræðifélags fyrir árið 2019


REKSTRARREIKNINGUR 2019

	Skýringar	2019	2018
REKSTRARTEKJUR			
Árgjöld og áskrifir	(1)	4.514.200	4.088.400
Bækur, veggspjöld og ferðir	(2)	218.070	113.307
Rekstrarstyrkur		1.100.000	900.000
REKSTRARTEKJUR ALLS		5.832.270	5.081.707
REKSTRARGJÖLD			
Útgáfumál og framkvæmdastjórn	(3)	5.180.178	5.542.143
Laun og launatengd gjöld	(4)	0	0
Almennur rekstrarkostnaður	(5)	212.642	47.160
REKSTRARGJÖLD ALLS		5.392.820	5.589.303
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		439.451	-507.596
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Vaxtatekjur og verðbætur		92.882	199.784
Vaxtagjöld	(6)	0	32.917
Vaxtatekjur umfram vaxtagjöld		72.448	166.867
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS		511.899	-340.729

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2018

	Skýringar	2019	2018
EIGNIR			
VELTUFJÁRMUNIR			
Sjóður og bankainnisteður	(7)	8.845.095	9.016.673
Víðskiptamenn		10.429.205	8.716.405
Birgðir		1.795.477	1.795.478
VELTUFJÁRMUNIR ALLS		21.069.777	19.528.556
EIGNIR SAMTALS		21.069.777	19.528.556
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
EIGIÐ FÉ			
Óráðstafað eigið fé	(9)	13.212.146	12.700.247
EIGIÐ FÉ ALLS		13.212.146	12.700.247
SKULDIR			
Lánardrottinn		5.551.127	5.551.127
Virðisaukaskattur	(8)	0	0
SKULDIR ALLS		5.551.127	5.551.127
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS		18.763.273	18.251.374

Reykjavík, 23. febrúar 2018



SUNDURLÍÐANIR MED ÁRSREIKNINGI 2019

	2019	2018		2019	2018
1. ARGJÖLD OG ÁSKRIFTIR			7. SJÓÐUR OG BANKAINNSTÆÐUR		
Félagsgjöld	4.514.200	4.068.400	Íslandsbanki Vaxtasproti 552 165	8.825.264	8.996.951
ALLS	4.514.200	4.068.400	Íslandsbanki Vaxtaþrep 200 381	2.702	2.631
2. BÆKUR, VEGGSPJÖLD, FERÐIR O.FL.			Íslandsbanki Fyrirtækjareikningur 401 889	15.512	15.518
Seldar bækur	0	0	Íslandsbanki Vaxtaþrep 251 745	1.617	1.573
Seld veggspjöld/Kúnstir náttúrunnar	0	0	ALLS	8.845.095	9.016.673
Sala Náttúrufræðingshefa	78.070	113.307	8. VIRÐISAUKASKATTUR		
Fræðsluferðir og námskeið	0	0	Útskattur	0	0
Greinar í Náttúrufræðingnum	140.000	0	Uppgjörsreikningur fyrir VSK.	0	0
ALLS	218.070	119.307	ALLS	0	0
3. ÚTGÁFUMÁL OG FRAMKVÆMDASTJÓRN			9. EIGIÐ FÉ		
NÁTTÚRUFRÆÐINGURINN			Höfuðstóll	12.700.247	13.040.976
Ritstjórn og ritlaun	4.156.914	3.738.014	Jöfnun á höfuðstól	0	0
Prentun og bókband	946.413	891.533	Bóksala fyrri ára ekki færð til bókar áður	0	0
Prófarálestur	0	230.000	Hagnaður (tap) ársins	511.899	-340.729
Ljósmyndir	0	0	ÓRÁÐSTAFAD EIGIÐ FÉ	13.212.146	12.700.247
Dreifing	243.815	250.596			
Annar kostnaður/heimasíða	0	432.000			
ALLS	5.993.767	5.542.143			
4. LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD					
Laun	0	0			
Launatengd gjöld	0	0			
ALLS	0	0			
5. ALMENNUR REKSTRARKOSTNAÐUR					
SÖLU- OG STJÖRNUNARKOSTNAÐUR					
Ritföng og prentun	0	0			
Vél- og hugbúnaður (tölur)	0	53.940			
Matar og kaffikostnaður	38.922	47.525			
Styrkir	0	0			
Ymislegt án VSK	50.720	23.898			
Funda/ráðstefnukostnaður	123.000	0			
ALLS	212.642	47.160 ISK			
6. VAXTAGJÖLD					
Vaxtagjöld og verðbætur	92.882	0			
Dráttarvextir	0	0			
Fjármagnstekjuskattur	20.434	32.917			
ALLS	72.448	32.917			

UM HÖFUNDINN



Snæbjörn Guðmundsson (f. 1984) er gjaldkeri Hins íslenska náttúrufræðifélags. Snæbjörn lauk BS-prófi í jarðfræði frá Háskóla Íslands 2009 og stundaði doktorsnám við sama skóla á árunum 2009–2014. Árin 2010–2012 sá hann um kennslu í steindafræði 1. og 2. árs nema við Jarðvísindadeild HÍ. Snæbjörn hefur starfað á rannsóknarstofu Mannvits og kennt grunnskólanemum jarðfræði í Vísindasmíðu HÍ, Háskóla unga fólksins og Háskólalestinni auk kennslu við Endurmenntun. Árið 2015 gaf hann út bókina *Vegvisi um jarðfræði Íslands* hjá Forlaginu og kom hún út í enskri þýðingu ári síðar. Frá 2020 hefur hann starfað sem jarðfræðingur hjá Náttúruminjasafni Íslands.

PÓST- OG NETFANG HÖFUNDAR / AUTHOR'S ADDRESS

Snæbjörn Guðmundsson
 Náttúrufræðistofnun Íslands
 Suðurlandsbraut 24
 108 Reykjavík
 snaebjorn.gudmundsson@nmsi.is

Stjórnarkjör:

Í stjórn eru sjö fulltrúar. Kosið er til tveggja ára. Annað árið er kosið um formann og þrjá stjórnarmenn.

Formaður, til tveggja ára: *Ester Rut Unnsteinsdóttir*, gefur kost á sér áfram.

Skúli Skúlason kallar eftir mótframboðum, sem koma ekki fram og er Ester Rut Unnsteinsdóttir endurkjörin til formanns til tveggja ára.

Stjórnarkjör.

Nú rennur út tímabil Jóhanns Þórssonar, Snæbjörn Guðmundsson og Sveinborgar Hlíf Gunnarsdóttur. Snæbjörn hefur einn gefið kost á sér áfram.

Önnur framboð; *Anna Heiða Ólafsdóttir*, Sjávarlíffræðingur, Hafró
Helena Óladóttir, umhverfisfræðingur

Fleiri framboð koma ekki fram og eru þau öll kjörin með lófaklappi.

Þriðji liður stjórnarkjörs kallar á frávík.

Margrét Hugadóttir og Bryndís Marteinsdóttir sem voru kjörnar á síðasta aðalfundi hafa beðist lausnar á miðju tímabili.

Fundur mótmælir ekki fráviki og fer fram kjör tveggja aðila til eins árs.

Gróa Valgerður Ingimundardóttir gróðurvistfræðingur býður sig fram. Fleiri framboð koma ekki fram og býðst Bryndís Marteinsdóttir til að sitja út sitt tímabil.

Gróa Valgerður kosin til eins árs í stjórn og Bryndís Marteinsdóttir situr út tímabilið.

Kjör skoðunarmanna reikninga.

Sveinbjörn Egill Björnsson býður sig áfram fram til áframhaldandi setu.

Steinþór Níelsson hefur ekki beðist lausnar en er fjarverandi. Fleiri framboð koma ekki fram og eru því Sveinbjörn Egill Björnsson og Steinþór Níelsson endurkjörnir sem skoðunarmenn reikninga.

Í stjórn HÍN starfsárið 2020-2021 eru því:

Ester Rut Unnsteinsdóttir, formaður

Anna Heiða Ólafsdóttir

Bryndís Marteinsdóttir, kjörin 2019

Gróa Valgerður Ingimundardóttir, kjörin 2020 til eins árs

Helena Óladóttir

Hrefna Sigurjónsdóttir, kjörin 2019

Snæbjörn Guðmundsson

Fráfarandi stjórnarmeðlimum, Jóhanni Þórssyni, Margréti Hugadóttur og Sigurborgu Hlíf Gunnarsdóttur er þakkað fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Önnur mál

Formaður kemur í pontu og þakkar traustið.

1. Tillaga að breytingu á félagsgjöldum. Stjórn hefur rætt um breytingar á félagsgjöldum. Á árinu verða mögulega til nýjar leiðir til að greiða félagsgjöld með t.d. kortagreiðslu eða vefnum. Gjaldskrá hefur verið óbreytt frá árinu 2013.

Almennur félagi greiðir 5800 kr.

Nemendur 4000 kr.

- a. Hjörleifur Guttormsson tekur til máls og hvetur til þess að hækka gjöld aðildarféлага og hækka jafnframt félagsgjöld almennra féлага hóflega og þá með tilliti til verðbólgu frá árinu 2013.
- b. Hjörleifur Guttormsson bendir á að auka þarf sýnileika félagsins innan náttúrufræðideilda Háskólanna og kennaranna þannig að fleiri yngri aðilar komi á fundi og fylgist með störfum stjórnar.
- c. Jóhann Þórssón tekur til máls og bendir á að stjórn hafi reynt að eigna fyrir nemendum HÍ með því að bjóða upp á veitingar á fundum en það virðist ekki hafa spurst út eða þá ekki hafa haft áhrif.
- d. Jóhann Þórssón bendir á að í lögum félagsins komi fram að stjórn skuli ákveða félagsgjöld og er sammála því að hækka skuli gjöld fyrir aðildarfélög sem mörg hver greiða háar upphæðir fyrir áskriftir.

Fundarstjóri tekur undir orðin og bendir á að hlutverk félagsins og stjórnar sé að gæta að útgáfuverkefnum félagsins og að halda áfram á lofti málefnum Náttúruminjasafns Íslands.

Fundarstjóri þakkar það traust og þann heiður sem honum var falinn með fundarstjórn.

Ester Rut Unnsteinsdóttir stígur í pontu og þakkar fundarstjóra og ritara fyrir þeirra störf og slítur fundi.

Ekki fleira fært til bókar. Fundi slitið kl. 21:50